

52. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn miðvikudaginn 3. okt. 2007 kl.12 -13 hjá Reykjavíkurborg, Borgartúni 3.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Helga Tuliníus

Fundargerð síðasta fundar 12. sept. 2007

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með smávægilegum breytingum.

Verkefni með UAF og ABC – næstu skref

Ingibjörg sendi bréf til meðlima Alnæmisbarna til þess að kanna hvort einhver gæti tekið þátt í fjáröflunarhóp félagsins. Það kom einungis svar frá einum aðila sem sagðist vera til í að veita pening til verksins en ekki til setu í slíkum hóp. Ákveðið að hringja í fólk sem gæti verið líklegt til að vera með.

Búið er að hafa samband við UAF og segja frá áhuga okkar á samstarfi. Ætlum að vera með ABC í fjáröflun fyrir nýjum skóla í Norður–Uganda og senda UAF strax hálf milljón sem við eigum í sjóð okkar til þessa verkefnis. Stefnum að því að funda með ABC á næstunni til þess að skilgreina betur okkar hlutverk í samstarfinu svo við getum verið sem mest samstíga. Ætlum að vera með okkar eigin sjóð í fjáröfluninni.

Vefsíða félagsins

Erum sammála um að það þurfi einn aðila í viðbót við núverandi stjórn til þess að sjá um vefsíðuna okkar. Allir meðlimirnir hafi það mikið að gera að það sé ekki hægt að bæta þessu ofan á þá svo gott þyki. Búið er að hafa samband við nokkra einstaklinga en ennþá án árangurs. Ákveðið að Hildur hafi samband við Önnu Dís til að kanna málið. Hún gæti þá setið fundi með okkur og orðið eins konar

upplýsingarfulltrúi stjórnarinnar. Annars getur Gulli Einarsson, að sögn Bjarna, tekið á sig tæknilegar hliðar vefsíðunnar.

16. daga átakið – þátttaka Alnæmisbarna

Ákváðum að taka aftur í ár þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi dagana 25. nóv. – 10. des. sem Mannréttindastofa hefur veg og vanda með hér á landi ásamt fjölda annarra félaga og samtaka. Yfirskrift átaksins í ár er: 16 dagar í 16 ár: Eflum mannréttindi – stöðvum ofbeldi gegn konum. Framlag okkar í þessu samstarfi verður söfnun okkar fyrir leikskólanum í Norður-Uganda. Ingibjörg, Hildur og Sigurlaug og e.t.v. upplýsingafulltrúi okkar, verði búið að finna hana, verða fulltrúar stjórnarinnar í þessu samstarfi og mæta á fyrsta fund hans 17. okt. kl. 17.

CLF – annual work plan and budget

Ætlum að áréttu við CLF að fylgja eftir þeim þáttum sem við skráðum í Samstarfsyfirlýsingu Alnæmisbarna og CLF sem við sendum þeim í sumar og biðja þá um að senda okkur núna á haustdögum verkefna- og fjárhagsáætlun næsta árs sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Það var eitt af þeim þáttum sem getið var um í Samstarfsyfirlýsingunni sem við sendum þeim.

Önnur verkefni

Bjarni ætlar að uppfæra nýjan lista yfir styrktaraðila Alnæmisbarna.

Hildur upplýsti okkur um að hún hefði verið beðin um að halda fyrirlestra um starfsemi CLF þann 15. okt. og 4. des. fyrir Lionsklúbb annars vegar og Oddfellowklúbb í Hafnarfirði hins vegar.

Stefnum að því að skrifa bréf í umboði Alnæmisbarna og CLF til ÞSSÍ til þess að kanna með fjárhagslegan styrk fyrir byggingu skóla í Uganda.

María ætlar að skrifa Rosette bréf og kanna hvernig gengur með húsaupin og lánastarfsemina úr hinum nýstofnaða Lánasjóði okkar.

Næsti fundur

Næsti fundur verður miðvikudaginn 17. okt. kl. 12:10 hjá Maríu í Samorku.